




Leir meðfram Coprates Chasma hásléttunni

Í Coprates Chasma og mörgum öðrum lægðum í Valles Marineris kerfinu eru mjög þykkir ljósleitir setlagabunkar úr súlfötum en í ýmsum má einnig finna merki um leir. Þetta bendir til að vatn hafi verið á þessum slóðum í talsverðan tíma sem veðraði sléttur og breyttu leifunum í leir.